

## ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 238/2019

frá 27. september 2019

### um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/64 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að tilgreina hvernig beita á viðmiðununum í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. til að meta hvort tilteknir atburðir myndu leiða til verulegra og neikvæðra áhrifa á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/65 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina tæknilega þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerna en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/67 frá 3. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að koma á skilyrðum til að meta áhrif þess að gildandi viðmiðanir verði aflagðar eða þeim breytt <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 11.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 14.

því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi <sup>(5)</sup>.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1638 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að ílagsgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferlar þess sem leggur þau fram sem stjórnandi mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef ílagsgögn koma frá framlínudeild <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1639 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti háttæknireglna sem stjórnendur viðmiðana sem byggjast á ílagsgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn eiga að þróa <sup>(7)</sup>.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1640 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um stjórnunarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti <sup>(8)</sup>.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana skal leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðirnar fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni <sup>(9)</sup>.
- 10) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1642 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar viðmiðanir sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við mat á því hvort stjórnendur mikilvægra viðmiðana eigi að beita tilteknum kröfum <sup>(10)</sup>.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1643 frá 13. júlí 2018 um

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 6.

<sup>(7)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 11.

<sup>(8)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 16.

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 25.

viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist <sup>(11)</sup>.

- 12) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1644 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem ákvarða lágmarksinnihald samstarfsfyrirkomulags milli lögbærra yfirvalda þriðju landa þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar <sup>(12)</sup>.
- 13) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1645 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) <sup>(13)</sup>.
- 14) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1646 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingarnar sem á að leggja fram við umsókn um leyfi og við umsókn um skráningu <sup>(14)</sup>.
- 15) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 <sup>(15)</sup>.
- 16) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1147 frá 28. júní 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 <sup>(16)</sup>.
- 17) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2446 frá 19. desember 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á

<sup>(11)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 29.

<sup>(12)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 33.

<sup>(13)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 36.

<sup>(14)</sup> Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 43.

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB L 217, 12.8.2016, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Stjtið. ESB L 166, 29.6.2017, bls. 32.

fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 <sup>(17)</sup>.

- 18) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 <sup>(18)</sup>.
- 19) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1106 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisyfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 <sup>(19)</sup>.
- 20) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1557 frá 17. október 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 <sup>(20)</sup>.
- 21) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/482 frá 22. mars 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 <sup>(21)</sup>.
- 22) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

#### TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IX. viðauka við EES-samninginn:

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 311 (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011):

„311a. **32016 R 1368**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1368 frá 11. ágúst 2016 um að taka saman skrá yfir mjög mikilvægar viðmiðanir sem notaðar eru á fjármálamörkuðum samkvæmt

<sup>(17)</sup> Stjtið. ESB L 346, 28.12.2017, bls. 1.

<sup>(18)</sup> Stjtið. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 1.

<sup>(19)</sup> Stjtið. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 9.

<sup>(20)</sup> Stjtið. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 10.

<sup>(21)</sup> Stjtið. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 26.

reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 (Stjtið. ESB L 217, 12.8.2016, bls. 1), breytt með:

- **32017 R 1147:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1147 frá 28. júní 2017 (Stjtið. ESB L 166, 29.6.2017, bls. 32),
- **32017 R 2446:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2446 frá 19. desember 2017 (Stjtið. ESB L 346, 28.12.2017, bls. 1),
- **32018 R 1557:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1557 frá 17. október 2018 (Stjtið. ESB L 261, 18.10.2018, bls. 10),
- **32019 R 0482:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/482 frá 22. mars 2019 (Stjtið. ESB L 82, 25.03.2019, bls. 26).

311b. **32018 R 0064:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/64 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að tilgreina hvernig beita á viðmiðununum í iii. lið c-liðar 1. mgr. 20. gr. til að meta hvort tilteknir atburðir myndu leiða til verulegra og neikvæðra áhrifa á heildarvirkni markaðar, fjármálastöðugleika, neytendur, raunhagkerfið eða fjármögnun heimila og fyrirtækja í einu eða fleiri aðildarríkjum (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 5).

311c. **32018 R 0065:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/65 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina tæknilega þætti skilgreininganna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 9).

311d. **32018 R 0066:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/66 frá 29. september 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 sem tilgreina hvernig nafnverð annarra fjármálagerninga en afleiða, grundvallarfjárhæð afleiða og verðmæti hreinnar eignar fjárfestingarsjóða skuli metið (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 11).

311e. **32018 R 0067:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/67 frá 3. október 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er það varðar að koma á skilyrðum til að meta áhrif þess að gildandi viðmiðanir verði aflagðar eða þeim breytt (Stjtið. ESB L 12, 17.1.2018, bls. 14).

311f. **32018 R 1105:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1105 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að

Því er varðar málsmeðferðarreglur og eyðublöð fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar lögbærra yfirvalda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (Stjtið. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 1).

Ákvæði framkvæmdarreglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og nema kveðið sé á um annað í þessum samningi, ber að skilja hugtökin „aðildarríki/n“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra auk merkingar þeirra í reglugerðinni, í þeirri röð.

- 31lg. **32018 R 1106:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1106 frá 8. ágúst 2018 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar sniðmát fyrir samræmisýfirlýsingu sem stjórnendur mikilvægra viðmiðana og viðmiðana sem ekki eru mikilvægar eiga að birta og viðhalda í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/1011 (Stjtið. ESB L 202, 9.8.2018, bls. 9).
- 31lh. **32018 R 1637:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1637 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir verklagsreglur og einkenni eftirlitsstarfsemi (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 1).
- 31li. **32018 R 1638:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1638 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar hvernig tryggja eigi að ílagsgögn séu viðeigandi og sannreynanleg, og innri eftirlits- og sannprófunarferlar þess sem leggur þau fram sem stjórnandi mjög mikilvægrar viðmiðunar verður að tryggja að séu til staðar ef ílagsgögn koma frá framlínudeild (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 6).
- 31lj. **32018 R 1639:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1639 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar þætti háttænisreglna sem stjórnendur viðmiðana sem byggjast á ílagsgögnum frá aðilum sem leggja fram gögn eiga að þróa (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 11).
- 31lk. **32018 R 1640:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1640 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um stjórnunarhætti og eftirlit aðila sem leggja fram gögn og eru undir eftirliti (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 16).

- 31ll. **32018 R 1641:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1641 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingarnar sem stjórnandi mikilvægra viðmiðana skal leggja fram um aðferðafræðina sem notuð er til að ákvarða viðmiðunina, innri endurskoðun og samþykki aðferðafræðinnar og aðferðirnar fyrir verulegar breytingar á aðferðafræðinni (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 21).
- 31lm. **32018 R 1642:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1642 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar viðmiðanir sem lögbær yfirvöld skulu taka tillit til við mat á því hvort stjórnendur mikilvægra viðmiðana eigi að beita tilteknum kröfum (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 25).
- 31ln. **32018 R 1643:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1643 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar inntak yfirlýsingar um viðmiðun sem stjórnandi viðmiðunar skal birta, ásamt tilvikum þar sem uppfærslu er krafist (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 29).
- 31lo. **32018 R 1644:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1644 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem ákvarða lágmarksinnihald samstarfsfyrirkomulags milli lögbærra yfirvalda þriðju landa þar sem lagarammi og eftirlitsvenjur hafa verið viðurkenndar sem jafngildar (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 33).
- 31lp. **32018 R 1645:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1645 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir form og inntak umsóknar um viðurkenningu til lögbærra yfirvalda tilvísunaraðildarríkis og fyrir framsetningu upplýsinga í tilkynningunni til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar (ESMA) (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 36).
- 31lq. **32018 R 1646:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1646 frá 13. júlí 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir upplýsingarnar sem á að leggja fram við umsókn um leyfi og við umsókn um skráningu (Stjtið. ESB L 274, 5.11.2018, bls. 43).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2018/64, (ESB) 2018/65, (ESB) 2018/66, (ESB) 2018/67, (ESB) 2018/1637, (ESB) 2018/1638, (ESB) 2018/1639, (ESB) 2018/1640, (ESB) 2018/1641, (ESB) 2018/1642,

(ESB) 2018/1643, (ESB) 2018/1644, (ESB) 2018/1645 og (ESB) 2018/1646 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/1368, (ESB) 2017/1147, (ESB) 2017/2446, (ESB) 2018/1105, (ESB) 2018/1106, (ESB) 2018/1557 og (ESB) 2019/482 sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (\*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/2019 frá 10. júlí 2019 <sup>(22)</sup>, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gunnar Pálsson**

*formaður.*

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(22)</sup> Stjtíð. ESB L 235, 12.9.2019, bls. 9, og EES-viðbæti nr. 73, 12.9.2019, bls. 5.